

## Lestrarstefna á yngsta stigi í Hvolsskóla


Ljóst er að lestur er undirstaða alls náms og því mikilvægt að leggja ríka áherslu á hann í upphafi skólagöngu. Ef vel er lagst á áramnar í upphafi búa börnin að því alla tíð. Aðalnámskrá grunnskóla frá 2011 telur læsi sem einn af grunnþáttum menntunar og í Aðalnámskrá grunnskóla frá 2007, áfangamarkmiðum við lok 4. bekkjar hvað varðar lestur og bókmenntir, kemur fram: Við lok 4. bekkjar á nemandi að geta lesið sér til gagns og gamans, hátt og í hljóði. Til að gera langa sögu stutta og hafa ekki of mikið lesmál í þessu plaggi viljum við benda á að á Lesvefnum [www.lesvefurinn.hi.is](http://www.lesvefurinn.hi.is) er að finna miklar og góðar upplýsingar um lestur.



### Lestrarnám í 1.- 4. bekk í Hvolsskóla

Í Hvolsskóla er unnið eftir hljóðaaðferð en eins og fram kemur á Lesvefnum er hún talin hvað vænlegust til árangurs. Hún byggist á því að meiri áhersla er lögð á að kenna börnum hljóð stafanna en hvað hver stafur heitir og með því móti hljóða nemendur sig í gegnum orðin. Við leggjum einnig mikla áherslu á endurtekningu í lestrinum til að auka lesfimina og brýnt er að taka fram að enginn tapar á því að lesa sama textann oftari en einu sinni. Þau börn sem ná ekki lestrarviðmiðum þyrftu að lesa hverja blaðsíðu 3x. Stöðug þjálfun og endurtekning er lykilatriði að aukinni lestrarfærni og leshraða. Heimilið gegnir veigamiklu hlutverki og mikil ábyrgð hvílir á foreldrum í þessum efnum því nemendur þurfa mikla þjálfun heima fyrir.

Samstarf skóla og heimilis skiptir miklu máli í lestrarnámi barna og til að vel sé þurfa allir aðilar að vita til hvers er ætlast af þeim.

 <b>Hlutverk skóla</b>	 <b>Hlutverk heimilis</b>
<ul style="list-style-type: none"> <li>• Mæta hverjum nemanda á hans forsendum.</li> <li>• Leggja inn stafina/hljóðin.</li> <li>• Kenna hljóðtengingu.</li> <li>• Nota fjölbreyttar kennsluaðferðir í lestrarkennslu.</li> <li>• Láta nemendur lesa upphátt 3x í viku að lágmarki.</li> <li>• Láta nemendur sem ekki hafa náð</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Sýna lestrarnámi barnsins áhuga.</li> <li>• Láta barnið lesa upphátt 5x í viku.</li> <li>• Láta barn í 1. bekk lesa hverja blaðsíðu 3x.</li> <li>• Láta börn í 2.-4. bekk sem ekki ná lestrarviðmiðum lesa hverja blaðsíðu 3x.</li> <li>• Vera vakandi fyrir framförum barnsins og leita leiða ef þær eru of hægar.</li> <li>• Fylgja leiðbeiningum sérfræðinga.</li> </ul>

viðmiðum, lesa hverja blaðsíðu 3x. <ul style="list-style-type: none"> <li>• Vera vakandi fyrir framförum nemandans og leita leiða ef þær eru of hægar.</li> <li>• Fylgja leiðbeiningum sérfræðinga.</li> </ul>	
---	--

## Viðmið skóla

Í Hvolsskóla göngum við út frá eftirfarandi viðmiðum í lestri. Viðmiðin sýna hversu mörg atkvæði á mínútu er ætlast til að nemendur geti lesið um jól og að vori. Viðmiðin taka mið af því hversu færir nemendur þurfa að vera í lestri til að geta lesið sér til gagns og gamans og til þess að vera færir um að lesa það námsefni sem þeir þurfa að komast yfir. Ef viðmiðum er ekki náð þarf að huga að því hvað veldur. Oft er um þjálfunarleysi að ræða sem vinnst fljótt og vel ef allir taka höndum saman.

### Viðmið í raddlestri – atkvæði á mínútu/einkunn:

	1. bekkur	2. bekkur	3. bekkur	4. bekkur
<b>Desember</b>		60 / 3,3	120 / 5,4	170 / 7,0
<b>Maí</b>	40 / 2,5	100 / 4,7	150 / 6,3	200 / 8,0

## Prófanir

- Lesskimunarpróf í 1. bekk að hausti.
- Prófað í öllum bekkjum í október, desember, lok febrúar og í maí. Einungis Lesskimunarpróf í október hjá 1. bekk en önnur próf eru hraðpróf eða stafakönnunarpróf (Lestrarkönnun).
- Orðarún í 3. og 4. bekk, 2x á ári. (Lesskilningur)

## Viðbrögð ef lestrarnám gengur hægar en vonir stóðu til

Ef framfarir í lestri eru hægar og ekki gengur eins vel og til stóð, þarf að grípa til úrræða:

- Foreldrar og umsjónarkennari þurfa að ræða málin og ganga fyrst af öllu úr skugga um að nemendi sé að fá nægjanlega þjálfun, bæði í skóla og heima fyrir, skoða hvort nálgast þurfi lestrarnám nemandans á annan hátt og hvort hann þarfnist e.t.v. tímabundinnar sérkennslu.
- Ef veikleikar virðast vera í lestrinum þrátt fyrir þjálfun er eðlilegt að vísa málinu til kennsluráðgjafa sem leggur fyrir greiningarpróf.
- Út frá skilum og leiðbeiningum kennsluráðgjafa er unnið áfram með



barnið.



Þessu plaggi er ætlað að sýna að einhverju leiti lestrarstefnu skólans, vera upplýsandi og aðstoða okkur öll við að glöggva okkur á hlutverki okkar í lestrarnámi barnanna. Það er öllum mikilvægt að vita hvaða hlutverki hann gegnir og eins er mikilvægt að vita að hvaða marki er stefnt. Hafa ber þó í huga að hver einstaklingur hefur sína sérstöðu og oft þarf að horfa til framfara hans í lestrarnáminu frekar en fjölda atkvæða.

Þetta plagg þarf að vinna lengra, það þarf að vera í stöðugri endurskoðun og mótun en við ýtum því engu að síður úr vör núna í þeirri von að það efli okkur við að aðstoða börnin við lestrarnámið.